


## EVROPSK RÓMANTÍK

Kirill Karabits, hljómsveitarstjóri  
Ilya Gringolts, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2009/10



aðalstyrktaraðilar

---

BORGUN

Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 1. október 2009 kl. 19:30

**Kirill Karabits**, hljómsveitarstjóri  
**Ilya Gringolts**, einleikari

**EVROPSK RÓMANTÍK**

**Hector Berlioz**

**Béatrice et Bénédict, forleikur (1862)**

**Antonín Dvořák**

**Fiðlukonsert í a-moll op. 53 (1879/82)**

Allegro ma non troppo –

Adagio ma non troppo

Finale (Allegro giocoso)

**Hlé**

**Felix Mendelssohn**  
(1829–42)

**Sinfónía nr. 3 í a-moll, „Skoska sinfónían“**

Andante con moto –

Allegro un poco agitato –

Vivace non troppo –

Adagio –

Allegro vivacissimo –

Allegro maestoso assai



**RÁS 1**

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu  
á Rás 1 og síðan aðgengilegir í fjórar  
vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á  
meðan tónleikum stendur.



Úkraínski hljómsveitarstjórinn Kirill Karabits stundaði tónlistarnám í Kænugarði og síðar við Tónlistarháskóla Vína borgar, þaðan sem hann lauk námi í hljómsveitarstjórn. Hann hefur einnig sótt námskeið hjá Helmut Rilling og Peter Gulke við Bach-akademíuna í Stuttgart og er mikill áhugamaður um barokktónlist. Karabits var áður aðstoðarstjórnandi Hátíðarhljómsveitarinnar í Búdapest (1998–2000) og Fílharmóníuhljómsveitar Franska útvarpsins (2002–2005) en tók nýlega við starfi aðalstjórnanda við Bournemouth-sinfóníuhljómsveitina á Englandi. Hann hefur þegar komið fram með fjölmörgum virtum hljómsveitum austan hafs og vestan, m.a. Minnesota-hljómsveitinni, Dönsku útvarpshljómsveitinni og Þjóðarsinfóníu Bandaríkjanna í Washington D.C. Hann er einnig óperustjórnandi og hefur m.a. stýrt við Þjóðaróperuna í Lyon og mun debútera við Ensku þjóðaróperuna haustið 2010 með Don Giovanni eftir Mozart.

Ilya Gringolts vakti heimsathygli árið 1998, þegar hann hlaut fyrstu verðlaun í Paganini-keppninni og hreppti um leið sérstök verðlaun fyrir að vera yngsti keppandi til að komast yfirhöfuð í lokaumferðina, og fyrir bestu túlkun á kaprísum Paganinis. Gringolts lærði fiðluleik í St. Pétursborg og við Juilliard-skólann í New York þar sem Itzhak Perlman og Dorothy Delay voru kennarar hans.

Gringolts hefur nýverið komið fram með Mahler-kammersveitinni undir stjórn Claudios Abbado, og í fyrrasumar lék hann allar fiðlusónötur Beethovens á Verbier-hátíðinni í Sviss. Undanfarið hefur hann auk þess komið fram á tónleikum í Wigmore Hall, og er nýkominn úr tónleikaferð um Suður-Ameríku. Hann hljóðritaði þríleikskonsert Beethovens ásamt Bolívar-hljómsveitinni og Claudio Abbado árið 2007 (fyrir Deutsche Grammophon) og hljóðritun hans af kammerverkum eftir Taneyev hlaut Gramophone-verðlaunin sama ár. Nú hljóðritar hann fyrir Hyperion og hefur nýverið gefið út disk með konsertum eftir Taneyev og Arenskíj undir stjórn Ilans Volkov sem einmitt er væntanlegur til landsins í janúar.



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sí hefur tvisvar áður flutt forleikinn að *Béatrice og Bénédicte*, undir stjórn Igors Buketoff árið 1964 og Davids Atherton árið 1971.

### HECTOR BERLIOZ

### *Béatrice et Bénédicte*, forleikur

Nítjándi öldin var gósentíð þegar kom að músíkölskum útfærslum á leikritum Williams Shakespeare. *Hamlet* varð innblástur að samnefndu sinfónísku ljóði eftir Liszt, fantasíuforleik eftir Tsjajkovskíj og óperu eftir Ambroise Thomas, *Óbelló* varð að tónaljóði í meðföllum Dvořáks og óperu bæði hjá Rossini og Verdi, *Rómeó og Júlía* varð efni í „dramatiska sinfóníu“ eftir Berlioz, viðfrægan forleik Tsjajkovskíjs og óperur Gounods og Bellinis – sú síðarnefnda ber raunar ítalskt heiti, *I Capuleti e i Montecchi*. Þannig mætti lengi telja enn.

Hector Berlioz (1803–1869) var vel kunnugur verkum Shakespeares. Árið 1833 kvæntist hann bresku leikkonunni Harriet Smithson, sem hann hafði fyrst hrifist af þegar hún fór með hlutverk Ófelíu í París nokkrum árum áður. Tilhugalíf þeirra var stormasamt og varð tónskáldinu raunar innblástur að hinni hádramatísku *Symphonie fantastique*, en hjónabandið varð skammlíft; Harriet lést eftir langvinn veikindi árið 1854. Nokkrum árum síðar tók Berlioz að semja óperu sem byggði á leikritinu *Ys og þys út afengu*, sem hann nefndi í höfuðið á höfuðpersónunum, skapvörgum sem að lokum verða að játa ást sína hvort á öðru, *Béatrice et Bénédicte*.

Berlioz samdi alls fimm óperur sem eru gjörólíkar í stíl og dramatískri nálgun. Segja má að hann hafi verið með að minnsta kosti eina óperu í smíðum allan feril sinn, enda hádramatískt tónskáld eins og einnig má merkja af hljómsveitarverkum hans. Berlioz leit á smíði gamanóperunnar upp úr Shakespeare sem eins konar hvíld eftir hans mesta tónsmíðaátak, hina epísku *Les Troyens* sem fjallar um Trójustríðið. Það var ekki hlaupið að því að fá svo risavaxna óperu færða upp, en *Béatrice et Bénédicte* var stutt gamanópera sem féll vel í kramið; eftir að Berlioz hafði stýrt flutningi hennar bæði í Baden-Baden og Weimar sagðist hann vera „upp með mér yfir athyglinni og velgengninni“.

*Béatrice et Bénédicte* heyrir sjaldan í heild en forleikurinn þykir einkar vel heppnaður. Hér vinnur Berlioz úr ýmsum helstu stefnum óperunnar og víða má merkja alkunna snilld hans í hljómsveitarútsetningu. Í dómi um uppfærslu óperunnar í Lundúnum árið 2001 skrifaði gagnrýnandinn Edward Seckerson að forleikurinn væri „allt það sem óperan er ekki... Hann ber sterkan heildarsvip, með hnitmiðaðri uppbyggingu og sterku ímyndunarafla sem þeytir manni úr einum kaflanum yfir í annan“.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

*Þetta er í tíunda sinn sem fiðlukonsert Dvořáks hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Björn Ólafsson flutti hann fyrstur á Íslandi í Þjóðleikhúsinu 1958, en síðan hafa m.a. flutt hann þær Guðný Guðmundsdóttir (1973 og 1984), Sif Tulinius (1991) og Sigrún Eðvaldsdóttir (1999). Elfa Rún Kristinsdóttir lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands árið 2008.*

## ANTONÍN DVOŘÁK

## Fiðlukonsert

Tékkneski tónsmíðameistarinn Antonín Dvořák (1841–1904) samdi þrjá einleikskoserta – fyrir píanó, fiðlu og selló – og þótt sá síðastnefndi hafi tvímælalaust vinninginn hvað vinsældir snertir hafa hinir tveir fyrri einnig ýmislegt til síns ágætis. Dvořák nam fiðluleik á æskuárum sínum í Zlonice auk þess sem hann lærði á píanó og orgel; síðar varð lágfiðlan aðalhljóðfæri hans og hann náði svo góðum tókum á henni að hann vann fyrir sér með hljómsveitarspili. Þegar hann fluttist til Prag árið 1857 fékk hann leiðarastöðu í Þjóðleikhúsi Tékklands og meðal dýrmætustu minninga hans allt til dauðadags var að hafa leikið á tónleikum undir stjórn átrúnaðargodsins Richards Wagner árið 1863.

Það var árið 1873, tveimur árum eftir að Dvořák sagði stöðu sinni í hljómsveitinni lausri til að einbeita sér að tónsmíðunum, sem verk hans fóru að njóta teljandi vinsælda. Hann tók þátt í keppni um tónlistarstyrk austurrísku ríkisstjórnarinnar og náði þannig eyrum tveggja stórmenna í tónlistarheimi Vínarborgar, gagnrýnandans Eduards Hanslick og tónskáldsins Johannesar Brahms. Dvořák hreppi fyrstu verðlaun og í umsögn dómnefndar mátti lesa um „ótvíræðar og eðlislægar gáfur hans“ þótt einnig væri tekið fram að tónsmíðar hans væru enn „lausar í formi og óbeislaðar“.

Það var Brahms sem kynnti skjólstaðing sinn fyrir fiðlusnillingnum Joseph Joachim, sem hvatti unga manninn til að semja handa sér fiðlukonsert. Dvořák beið ekki boðanna og samdi konsertinn árið 1879, sama ár og Joachim frumflutti D-dúr konsert Brahms. Joachim hafði ýmislegt við frumraun Dvořáks að athuga og sendi honum margvíslegar tillögur um breytingar sem gætu gert einleikspartinn leikvænni fyrir fiðluna. Tónskáldið tók þeim öllum vel og Joachim prufukeyrði verkið á lokuðum tónleikum með hljómsveit í Berlín í nóvember 1882. Eitthvað hefur honum þó líklega þótt vanta upp á þegar allt kom til alls, því að hann lék konsertinn aldrei opinberlega, heldur var það Frantisek Ondříček sem frumflutti hann í Prag árið 1884.

Oft hefur verið haft á orði að fiðlukonsertinn sé óvenjulegur hvað varðar uppbyggingu formsins í fyrsta þættinum. Þar fetar Dvořák nýja slóð ekki síður en Tsjajkovskíj í fyrsta píanókonserti sínum sem hljómaði á tónleikum SÍ í síðasta mánuði. Undir lok kaflans tekur hann ekki saman helstu stefin í svokallaðri ítrekun eins og oftast tíðkaðist, og auk þess er þátturinn einkar lýrískur og gefur ekki færi á virtúósatilþrifum á við frægustu fiðlukonserta sögunnar. Kannski er hér komin ástæða þess að Joachim hikaði við að taka hann á efnisskrá sína? Stutt kadensa leiðir inn í hæga þáttinn sem er víðfeðmt og djúphugult Adagio, nærri jafnlangt fyrsta kaflanum. Raunar eru allir kaflar konsertsins svipaðir að lengd, ólíkt því sem almennt gerist í

slíkum verkum frá 19. öld þar sem fyrsti þátturinn hefur mest vægi. Lokapátturinn er bjart rondó með bæheimsku ívafi og minnir mjög á þjóddansinn *furiant* sem Dvořák hafði dálæti á og notaði oft í tónsmíðum sínum.

## FELIX MENDELSSOHN

## Sinfónía nr. 3

Það henti stundum á 19. öldinni þegar nótnaútgáfa var orðin almenn og markaðssetning tónverka markvissari en áður, að tónverk meistaranna fengu ranga raðtölu miðað við tilurðartíma þeirra. Þannig er til dæmis með píanókonserta Chopins og fyrstu tvo píanókonserta Beethovens, sem voru gefnir út í „öfugri röð“, og sama má segja um flestar sinfóníur Felix Mendelssohns (1809–1847). Til dæmis er sú þriðja, sem hljómar í kvöld, síðasta sinfónía hans og ætti því að vera númer fimm, ef strengjasinfóníurnar sem hann festi á blað sem unglingspiltur eru undanskildar.

Mendelssohn lauk við „þriðju sinfóníuna“ í janúar 1842, en þá hafði hugmyndin að henni gerjast með honum í rúman áratug. Það þótti tilheyra menntun ungra hefðarpilta á 19. öld að ferðast um Evrópu og kynnast menningu ólíkra landa af eigin raun, og þar var Mendelssohn ekki undanskilinn. Árið 1829 hélt hann til Englands, þar sem hann vann sér inn meiri vinsældir um sína daga en í nokkru öðru landi. Hann stjórnaði fyrstu sinfóníu sinni með Lundúnaflharmóníunni og lék auk þess Keisarakonsert Beethovens – og vakti gríðarlega athygli með því að leika síðarnefnda verkið utan að sem þá var ekki vaninn.

Um miðjan júlí hélt Mendelssohn til Skotlands og þar heimsótti hann meðal annars Holyrood-kastalann í grennd við Edinborg. Heimsóknin hafði djúp áhrif á hann eins og skrifaði fjölskyldu sinni 30. júlí: „Í kvöldrökkriinu heimsóttum við höllina þar sem María drottning bjó... þakið var hrunið, gras og bergflétta uxu um allt og þarna var brotið altari þar sem María var krýnd drottning Skotlands. Allt er hrörlegt og úr sér gengið, þakið hrunið og opið upp í bláan himingeiminn. Ég held að ég hafi í dag fundið byrjunina að skosku sinfóníunni minni.“ Ekki þarf að efast um fullyrðingu Mendelssohns, því að fyrstu drögin að verkinu eru dagsett einmitt þennan dag.

En tónskáldið unga hélt för sinni áfram og sigldi suður til Ítalíu í maí 1830. Mendelssohn hélt áfram að vinna að sinfóníunni um skeið, en að lokum fór svo að suðrænu töfrarnir urðu minningunum úr norðri yfirsterkari. Hann kvaðst eiga örðugt með að „rata aftur inn í skosku þokustemninguna“, fór að leggja drög að ítalskri sinfóníu (þeirri nr. 4) og lagði þá skosku á hilluna á áratug. Sumir vilja meina að biðin hafi orðið til þess að skoska sinfónían sé þroskaðra og fagaðra verk en hún hefði ella



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Róbert Abraham Ottósson stýrði Skosku sinfóníu Mendelssohns fyrstur manna á Íslandi í Þjóðleikhúsinu árið 1959. Síðan hafa mundað sprotann með Sí þeir Jindrich Rohan (1962), Paul Zukofsky (1978), Guðmundur Emilsson (1983), Edward Serov (1993) og Rico Saccani (1999).

orðið. Á þessum tíu árum samdi hann æði margt – m.a. þrjár sinfóníur (nr. 2, 4 og 5), tvo píanókonsertera og óratóriuna *Paulus* – og þroskaðist mikið, gekk í hjónaband og tók við fastri stöðu tónlistarstjóra við Gewandhaus í Leipzig. Frumflutningur þeirrar skosku fór fram í þeirri borg en viðtökurnar voru enn ákafari þegar hún var flutt í Lundúnum sumarið 1842. Velgengnin varð til þess að Mendelssohn tileinkaði verkið Viktoríu Bretadrottningu, sem var ákafur aðdáandi hans og hafði af því ánægju að syngja sönglög hans við undirleik Alberts prins.

Skoska sinfónían er sú metnaðarfullsta sem Mendelssohn festi á blað hvað snertir tók hans á hinu sinfóníska formi. Kaflarnir renna úr einum í annan og mynda sterka og áhrifamikla heild; hægur inngangurinn að fyrsta þætti snýr aftur til að tengja saman fyrsta og annan þátt, og auk þess eru tengsl stefja milli kafla áberandi þótt ekki sé um að ræða „þematískar umbreytingar“ að hætti Liszts. Fyrsti kafinn hefst með dökkum og íhugulum inngangi sem byggir á kastalastefinu frá Holyrood. Megininntak kaflans er dramatískt en stundum heldur Mendelssohn dýnamíkinni í algjöru lágmarki og skapar þannig aukna spennu.

Órstutt minning um kastalastefið leiðir inn í annan þátt, sem er léttfætt scherzo og minnir nokkuð á leikhústónlistina við *Draum á Jónsmessunótt*. Hér má einnig heyrna áhrif skoskra þjóðlaga þótt Mendelssohn hafi raunar almennt þótt lítið til þeirra koma í heimsókn sinni. Þriðji kafinn er hægur, eins konar jarðarfaramars, en sá fjórði er hraður og hárytmískur, enda sagðist tónskáldið hafa séð fyrir sér stríðsátök fornra ættbálka þegar hann samdi tónlistina. Þó verður tónlistin nærri því að engu þegar á líður líkt og í fyrsta kafla, en úr örveikum tónunum vex síðan fagurt sálmalag sem minnir óneitanlega á kastalastef fyrsta þáttar, hnýtir saman lausa enda og er glæsilegt niðurlag á verki sem á skilið að heyrast mun oftar í tónleikasölum heimsins en raunin er.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

## Á DÖFINNI

## SÓLSKINSSINFÓNÍAN 15. OKTÓBER

Þann 15. október flytur Sí hina sívinsælu sinfóníu nr. 2 eftir Johannes Brahms, og auk þess hornkonsert nr. 2 eftir Richard Strauss. Einleikari í síðara verkinu er Stefán Jón Bernharðsson, en stjórnandi er Eivind Aadland. Þeir sem hafa gaman af meistaraverkum 19. aldarinnar mega ekki láta þessa tónleika fram hjá sér fara.

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 1. OKTÓBER 2009

---

### 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Andrzej Kleina  
Zbigniew Dubik  
Lin Wei  
Martin Frewer  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Sigríður Hrafnkelsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

### 2. fiðla

Greta Guðnadóttir  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Roland Hartwell  
Joanna Bauer  
Þórdís Stross  
Christian Diethard  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Mark Reedman  
Kristján Matthíasson

### Vióla

Helga Þórarinsdóttir  
Þórunn Ósk Marínósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson  
Stefanía Ólafsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir

### Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Lovisa Fjeldsted  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Auður Ingvadóttir

### Bassi

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

### Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir  
Martial Nardeau

### Óbó

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

### Klarinett

Rúnar Óskarsson  
Sigurður I. Snorrason

### Fagott

Brjánn Ingason  
Hafsteinn Guðmundsson

### Horn

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

### Trompet

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

### Básúna

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
Jessica Buzbee

### Pákur

Frank Aarnink

samstarfsaðilar

---



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON  
LJÓÐS / HLJÓÐS / MYND

# Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en  
þú ferð á tónleikana  
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



PIPAE • SÍA • 2017

**Skrúður**  
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / [www.skrudur.is](http://www.skrudur.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Vertu þinn eiginn listræni stjórnandi

## REGNBOGAKORTIÐ

Veldu 4-8 tónleika af  
efnisrá starfsársins.

Regnbogakort Sinfóníuhljómsveitarinnar er hagkvæm leið til að setja saman eigin tónleikaröð fyrir veturinn, tryggja fast sæti og fá jafnframt ríflegan afslátt.

Kynntu þér fjölbreytta efnisrá á  
[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)



ADALSTYRKARADILAR

BORGUN

Morgunblaðið